

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/317**  
**komudagur 21.11.2011**

Kópavogur, 20. nóvember 2011


**Umsögn Marinós G. Njálssonar til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 16, 16. máls, 140. löggjafarþingi, 2011-2012.**

**Tillaga til þingsályktunar um leiðréttingar á höfuðstól íbúðalána og minna vægi verðtryggingar.**

**Inngangur**

Undirritaður þakkar nefndinni fyrir að leita til sín eftir umsögn um þetta mál. Vonar hann að ritun þessarar umsagnar verði ekki eins mikil tímasóun og vinna sem fór í ritun umsagnar um þingskjal 225, 206. mál, 139. löggjafarþingi, (varð að lögum nr. 151/2010) reyndist vera, en í þingskjali nr. 16 er lagt til að þau lög verði numin úr gildi. Því til rökstuðnings langar mig að birta sárafjálfræðing myndrit sem sýnir áhrif laga nr. 151/2010 á algengt áður gengistryggt lán.

**Greiðslubyrði**



Myndritið sýnir raunverulega sögu myntkórfuláns að upphæð 19,2 m.kr. tekið í janúar 2006 til 30 ára frá lántökudegi til apríl á síðasta ári. Efsta línan sýnir greiðslubyrði samkvæmt lögum nr. 151/2010 og sést á henni hve mikið lögin urðu til þess að greiðslubyrði viðkomandi lántaka óx.

**Tillagan á þingskjali nr. 16**

Í gildi eru lög nr. 107/2009 um aðgerðir fyrir einstaklinga, heimili og fyrirtæki vegna banka- og gjaldmiðilshruns. Þau lög eru að mörgu leiti góð, þá er ég að vísa til markmiða laganna sem koma fram í grein 1 og síðan ákvæða 2.gr. Vil ég rifja upp fyrir þingmönnum hvað þar segir:

**1. gr. Markmið.**

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og

gjalddeyrishrunsins haustið 2008 og **að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar**. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

## **2. gr. Einstaklingar og heimili.**

Í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga **skal fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skal miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði...**

(Leturbreytingar eru mínar.)

Hér eru mjög skýr markmið og ákvæði. Málið er að ekki er farið eftir þessu. Skora ég því á Alþingi að sjá til þess, að fjármálafyrirtæki fari eftir lögum þessa lands. Af þessum sökum er ég mótfallin því að þessi lög verði felld úr gildi, í staðinn ætti Alþingi að rannsaka hvers vegna ekki er farið eftir lögnum. Tel ég því árangursríkara að breyta lögnum þannig einstaklingar, heimili og fyrirtæki öðlist skaðabótarétt af fjármálafyrirtækjunum fari þau ekki eftir lögnum, en með aðeins einni undantekningu hunsu fjármálafyrirtækin lögin í úrræðum sínum. Eingöngu Landsbankinn í úrræðum sínum vegna annarra skulda fer í því úrræði eftir bókstaf laganna og það úrræði hefur verið kært til ESA!

Um margt gildir það sama um lög um umboðsmann skuldara. Vandamálið er ekki hvað stendur í lögnum heldur hvernig lögnum er fylgt eða ekki fylgt. Alþingi þarf að nýta úrræði sín til að sjá til þess að lögnum sé fylgt og ef slík úrræði eru ekki fyrir hendi þá þarf Alþingi að auka þeim við lögin eða með sérlögum.

Tíminn frá hruni er því miður tími glataðra tækifæri. Ennþá er ekki búið að fara í gegn um nauðsynlega endurskipulagningu skulda einstaklinga og heimila, þó ýmist hafi áunnist fyrir tvo hópa, þ.e. þá sem tóku gengistryggð lán síðustu 2 ár fyrir hrun og þá sem voru með mjög mikla yfirsuldsetningu. Þetta er frekar takmarkaður hópur að stærð. Aðrir hafa fengið plástra á svöðusár og sitja því enn í súpunni. Mikilvægt er að ljúka endurskipulagningu skulda einstaklinga og heimila í anda laga nr. 107/2009. Hluti af því er að leiðrétta höfuðstól verðtryggðra lána. Einnig verðum við að horfa fram á veginn og tryggja að allir séu þátttakendur í því að skapa stöðugleika. Ein leið til þess er að setja þak á raunvexti og ekki síður verðbætur. Styð ég því þann þátt í þingályktunartillögunni, þar sem fjallað er um leiðréttingu verðtryggingar, lækkun raunvaxta og að dregið verði úr vægi verðtryggingar.

Hugmyndin um 95% skatt á ónýtta afslætti bankanna þriggja, er fengin úr bloggfærslu hjá mér, þannig að ég styð hana heilshugar. Höfum í huga að Mark Flanagan, yfirmaður AGS vegna Íslands frá 2008 til 2010, sagði ítrekað að AGS vildi að bankarnir skiluðu til viðskiptavina sinna öllum afslættinum sem þeir fengu hjá gömlu hryggðarmyndum sínum. Hvorki krónu meira né krónu minna. Hagnaður bankanna sýnir að þeir eru ekki að fara að fyrirmælum AGS og því þarf að aðstoða þá við að skilja þessi fyrirmæli.

Fyrir Alþingi er 9. mál á þingskjali 9, þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 151/2010. Ég lagði til í umsögn um það mál að gerð yrði einföld breyting á þingskjalinu til að koma í veg fyrir að endurreiknaðir yrðu greiddir gjalddagar með nýjum vöxtum. Þá á eingöngu að endurreikna með nýrri upphæð höfuðstóls sem hlýst af dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Undir þetta sjónarmið mitt tók Ása Ólafsdóttir, lektor í lögfræði við Háskóla Íslands. Það er margt í lögnum, sem


ég tel mikilvægt að halda í. Þau ber því ekki að afnema, heldur breyta þannig að þau standist kröfurétt, enda var honum ekki breytt samhliða setningu laganna.

### Lokaorð

Af þessu má sjá, að ég styð sumu hluta ályktunarinnar, en tel aðra byggða á misskilningi. Lög nr. 107/2010 eru ekki slæm. Það er framkvæmd þeirra sem er ekki samræmi við innihaldið. Sama á við um lög um umboðsmann skuldara. Umboðsmaður er ekki að nýta sér réttarheimildir laganna. Lög nr. 151/2010 eru með mörg atriði sem eru nauðsynleg og eru bara alveg ágæt um leið og tekin er af allur vafi um að ekki sé hægt að breyta vöxtum afturvirk. Ég tel því rangt að afnema þessi lög, en tel réttar að breyta þeim og skerpa.

Varðandi verðtryggingu, raunvexti og að bankar skili afslætti, þá tek ég heilshugar undir þann hluta ályktunarinnar.

Kópavogur, 20.11. 2011



Marinó G. Njálsson